




AKUREYRARBÆR
AÐALSKIPULAG 2005-2018
BREYTING Á AÐALSKIPULAGI - HRÍSEY
SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

ÚTGÁFA 0.0

20.01.2012

UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ




Forsendur og viðfangsefni

Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ þann 1. ágúst árið 2004 í kjölfarið á íbúakosningu um sameiningu.

Í gildi er aðalskipulag fyrir Hríseyjarhrepp 1988-2008 sem unnið var af Skipulagi ríkisins. Við endurskoðun aðalskipulags Akureyrar árið 2005 var Hrísey undanskilin þar sem sameining Hríseyjarhrepps við Akureyrarkaupstað var nýtilkomin.

Akureyrarbær er að vinna að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar þar sem Hrísey er tekinn inn í aðalskipulagið. Með breytingu á aðalskipulaginu er mörkuð stefna varðandi landnotkun innan Hríseyjar á skipulagstímabilinu.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af Akureyri og Hrísey, afmörkun aðalskipulagsbreytingar.

Vinna við gerð aðalskipulagsbreytingar vegna Hríseyjar hefur staðið yfir frá því í byrjun árs 2009. Upphaflega átti að vinna sjálfstætt aðalskipulag fyrir Hrísey og var vinnunni hagað í samræmi við það fram til loka árs 2010. Á þeim tíma var tillaga að aðalskipulagi langt komin fyrir utan umhverfismat aðalskipulagsins. Samráð var haft við Skipulagsstofnun vegna umhverfismats aðalskipulagsins en stofnunin lagði þá gegn því að sjálfstætt aðalskipulag yrði gert fyrir Hrísey, og að þess í stað yrði um að ræða breytingu á gildandi aðalskipulagi Akureyrar.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna Hríseyjar verður sett fram sem viðauki við gildandi greinargerð ásamt skipulagsuppdraetti í mælikvarða 1:10.000 í A2. Þess utan verða séruppdraettir í greinargerð til skýringar. Umhverfisskýrsla aðalskipulagsins verður hluti af greinargerð.

X2 hönnun - skipulag ehf. í samstarfi við skipulagsstjóra Akureyrar og hverfisnefnd Hríseyjar hefur umsjón með vinnu við breytingu á aðalskipulagi Akureyrar, vegna Hríseyjarhlutans.

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar (breytingar á aðalskipulagi í þessu tilfelli) taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Þar sem vinna við aðalskipulagið var hafinn fyrir gildistöku nýrra skipulagslaga var ekki mögulegt að lýsing þessi yrði gerð fyrir í vinnuferli breytingar á aðalskipulagi.

Aðalskipulagsáætlun (breyting á aðalskipulagi í þessu tilfelli) er matsskyld skv. lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana. Meginmarkmið lagana er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að sjálfbærri þróun. Vinna þarf matslýsingu þar sem gerð er grein fyrir því hvernig ætlunin er að standa að umhverfismati breytingar á aðalskipulagi.

Skýrsla þessi inniheldur því eftirtalin atriði:

- *Lýsing á skipulagsverkefni vegna vinnu við breytingu á aðalskipulagi*
 - o *Samkvæmt 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010*
- *Matslýsing vegna vinnu við breytingu á aðalskipulagi*
 - o *Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*

Tengsl og samræmi við aðra áætlunargerð

Ekkert svæðisskipulag er í gildi fyrir Hrísey.

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 var staðfest 12.09.2006. Það skipulag nær ekki yfir Hrísey en með þessari breytingu mun Hrísey verða hluti af aðalskipulaginu. Þegar gildistíma aðalskipulags Akureyrar 2005 – 2018 líkur verður unnið sameiginlegt aðalskipulag fyrir allt sveitarfélagið.

Aðalskipulag Hríseyjar 1988-2008 fellur úr gildi við þessa breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Gildandi deiliskipulag í Hrísey samrýmist þeirri breytingu sem nú er gerð á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.

Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri var samþykkt sem verkáætlun á fundi bæjarstjórnar 18. maí 2010.

Staðardagskrá 21 er áætlun um það hvernig sveitarfélagið og íbúar þess vilja stuðla að því að gera samfélag okkar vænlegt til búsetu til framtíðar. Þar gegnir hugtakið sjálfbærni lykilhlutverki en sjálfbærni snýst um að aðgerðir okkar og lífsstíll rýri ekki möguleika komandi kynslóða á þeim lífsgæðum sem við njótum, hvort sem þau eru efnahagsleg, félagsleg eða umhverfisleg.

Í Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri er sérstakur kafli fyrir Hrísey þar sem gerð er grein fyrir sérstökum verkefnum í Hrísey sem unnin verða á árunum 2010-2012. Staðardagskrá 21 verður tekin inn í aðalskipulagsbreytingu fyrir Hrísey.

Staðhættir

Hrísey er önnur stærsta eyja við Ísland og er hún um 7,5 km² að stærð. Hrísey er 6,5 km löng og breiðust sunnan til, um 2,0 km, en nyrðri hlutinn er allt að helmingi mjórri. Norðanvert er eyjan hæst þar sem heitir Bratti (um 110 m.y.s.). Austanvert við ströndina eru víðast klettur, um 30 m háir. Ströndin norðan Ystabæjar er töluvert fjölbreytt, með bergbríkum og smávíkum.

Eyjan er að mestu leyti grasi og lyngi vaxin í mólendi, en vestan til er mýrlendi nokkuð. Gróðri hefur mjög vaxið ásmegin eftir að öll eyjan var friðuð af sauðfé árið 1974.

Fjölbreytt fuglalíf er í og við Hrísey og verpa þar tæplega 40 fuglategundir. Eitt af sérkennum í náttúrufari eyjarinnar er aðsetur og varp rjúpunnar í eyjunni, en hún er friðuð þar í samræmi við sérstakt samkomulag eyjabúa sjálfra. Þá er um helmingur af landsvæði Hríseyjar á náttúruminjaskrá en um er að ræða norðurhluta Hríseyjar, land Miðbæjar og Ystabæjar. Ástæða þess að svæðið er á náttúruminjaskrá er að á svæðinu er fjölskrúðugur gróður og mikið fuglalíf.

Aðalskráning fornleifa var gerð fyrir Hrísey árið 1998 og skv. henni eru 45 staðir í Hrísey sem teljast til fornleifa, og eru þessir staðir víða um eyjuna.

Vatnsból Hríseyjar eru tvö og eru þau staðsett norðan þéttbýlisins en þar er ein borhola neysluvatns ásamt einum brunni.

Þéttbýliskjarni fór að byggjast upp syðst á eyjunni snemma á 20. öldinni og fjölgaði íbúum nokkuð hratt vegna aukinnar útgerðar við Eyjafjörð. Árið 1945 náði fólksfjöldinn í Hrísey hámarki en þá bjuggu þar um 350 íbúar. Uppúr því fór íbúum að fækka vegna minni umsvifa í útgerð og sveiflaðist íbúafjöldinn fram til ársins 2000 á milli 200-300 íbúa. Í ársbyrjun 2010 bjuggu 186 íbúar í Hrísey. Kynjaskipting hefur verið nokkuð jöfn í gegnum tíðina og er svo enn.

Einkenni byggðar í Hrísey er tiltölulega þétt og lágreist einbýlishúsabyggð. Meðalþéttleiki byggðar er um 8-10 íbúðir pr. ha en byggð íbúðarsvæði eru um 8,5 ha

Hrísey varð sjálfstæður hreppur árið 1931 en árið 2004 sameinuðust sveitarfélögin Akureyri og Hrísey.

Markmið gildandi aðalskipulags og aðalskipulagsbreytingar

Umhverfis- og byggingamál

Yfirmarkmið:

Gæta ber vistfræðilegra sjónarmiða og stefna skal að sjálfbærri þróun í skipulagi og uppbyggingu sveitarfélagsins. Skapa skal fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, styrkja bæjarmynd Akureyrar og leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja.

Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Umhverfispættir

Meginmarkmið:

Í skipulags- og framkvæmdaáætlunum skal, eftir því sem við á, gera grein fyrir umhverfispáttum, s.s. loftgæðum, vatnsbúskap, jarðfræði, landslagi, gróðurfari og dýralífi og áhrif mismunandi kosta á þá metin. Efla ber kerfisbundna söfnun upplýsinga um einstaka umhverfispætti. Stuðla skal að viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni með verndun margs konar kjörlendis dýra og plantna. Árvekni skal gæta í nýtingu náttúruauðlinda.

Opin svæði

Meginmarkmið:

Styrkja skal gróskumikla umgjörð bæjarins, halda við opnum svæðum og stuðla að verndun náttúrlegra verðmæta, þ.m.t. vistkerfi, náttúruperlur og landslagseinkenni. Opin svæði innan og utan bæjar skulu tengd saman og mynda eina heild. Þannig skal veita fólki möguleika á fjölbreyttum tækifærum til tómstunda, útivistar og fræðslu og bæta umhverfi, umgjörð og yfirbragð bæjarins.

Bæjarmynd

Meginmarkmið:

Skapa skal vandað og fallett búsetuumhverfi, sem gefur Akureyri sérkennandi bæjarmynd og veitir íbúum vellíðan og ánægju, með góðri hönnun bygginga og hverfa, vönduðum umhverfisfrágangi og varðveislu þeirra menningarsögulegu verðmæta sem felast í byggingum, bæjarumhverfi og fornleifum.

Félags- og fræðslumál

Yfirmarkmið:

Skapa skal mannvænt bæjarumhverfi sem mætir þörfum allra fyrir húsnæði, þjónustu, tómstundir, íþróttir og útivist. Stuðla skal að fjölbreyttum möguleikum til náms og menningarstarfsemi.

Húsnæði

Meginmarkmið:

Tryggt verði að fyrir hendi sé skipulagt byggingaland sem svarar þörfum allra íbúa fyrir húsnæði á skipulagstímabilinu.

Samfélagsþjónusta

Meginmarkmið:

Búa skal öllum aldurs- og þjóðfélagshópum umhverfi, öryggi og þjónustu sem hæfir sem best þörfum þeirra.

Útivist, íþróttir og tómstundir

Meginmarkmið:

Stuðla ber að heilbrigði og vellíðan íbúa með því að skapa góða aðstöðu fyrir fjölbreytta útivist, íþróttir og tómstundir að vetri sem sumri.

Menningar- og menntamál

Meginmarkmið:

Styrkja skal Akureyri sem menningar- og skólabæ. Búa skal vel að leik-, grunn- og framhaldsskólum, listaskólum, efla Háskólann á Akureyri og styrkja menningarstarfsemi hvers konar.

Skólar Akureyrarbæjar eiga að geta talist til bestu skóla á landinu hvað varðar árangur, umönnun, aðstöðu og líðan nemenda og vera eftirsóknarverður starfsvettvangur með vel menntuðu og hæfu starfsfólki.

Allir nemendur eiga að hafa sem besta aðstöðu og jöfnust tækifæri til náms og eiga skólarnir að veita sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum, þroska og í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og námskrár á hverjum tíma.

Atvinnu- og tæknimál

Yfirlit:

Lögð skal áhersla á fjölbreytt og öflugt atvinnulíf, greiðfærar og öruggar samgöngur og vistvæn og hagkvæm veitukerfi. Lögð verði áhersla á mikilvægi vandaðs bæjarumhverfis, góðrar þjónustu, öflugs menningarstarfs og möguleika til menntunar og frístunda fyrir efnahagsstöðu bæjarins.

Atvinnumál

Meginmarkmið:

Stuðla skal að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi og góðu rekstrarumhverfi fyrirtækja, m.a. með nægu framboði á vel skipulögðum atvinnusvæðum fyrir margvíslega starfsemi, góðu samgöngu- og veitukerfi og mannvænu og vönduðu búsetumhverfi.

Samgöngur

Meginmarkmið:

Samgöngur til bæjarins og frá honum, hvort heldur á landi, í lofti eða á sjó, verði greiðar og öruggar. Leita skal leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum bifreiðanotkunar og tryggja greiða og örugga umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda innan bæjar.

Veitur

Meginmarkmið:

Veitukerfi þjóni íbúum og atvinnulífi á vistvænan og hagkvæman hátt.

Meginmarkmið breytingar á aðalskipulagi fyrir Hrísey:

- Að stuðla að fjölskylduvænu samfélagi þar sem íbúum líður vel, í sátt hver við annan og umhverfið.
- Að stuðla að fjölbreyttu mannlífi með margvíslegum tækifærum til fjölbreyttra athafna og útiveru.
- Að bjóða íbúum góð skilyrði og laða að fólki til búsetu.
- Að stuðla að góðri og fjölbreyttri þjónustu og afþreyingu í Hrísey.
- Að stuðla að markvissri uppbyggingu í þéttbýlinu með skipulögðum íbúðar-, atvinnu-, og þjónustusvæðum.
- Að efla atvinnulíf þar sem hugmyndaauðgi og framtak fólks njóti sín ásamt því að stutt verði við frumkvæði og nýsköpun.
- Að renna styrkari stoðum undir ferðaþjónustu sem byggir á sérstöðu Hríseyjar.
- Að stuðla að góðum samgöngum til og frá Hrísey og öruggum samgöngum í Hrísey.
- Að standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.
- Að stuðla að aðlaðandi, heilsusamlegu og vel skipulögðu umhverfi með:
 - Aðgengilegri og óspilltri náttúru, þannig að allir íbúar hafi náttúruleg útivistarsvæði í göngufæri og að auki víðáttumikil svæði fyrir almenning.
 - Ríkri sögu, skráðum og merktum fornminjum sem jafnt heimamenn sem og gestir njóti góðs af.
 - Ómenguðu landi, lofti og sjó.
- Að stuðla að sjálfbæru samfélagi þar sem nýting lands, auðlinda og mannauðs sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun.

Umhverfismat

Matið verður unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat breytingar á aðalskipulagi verður ekki farið í sérstakar rannsóknir heldur verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis. Þessar upplýsingar má m.a. finna í gildandi aðalskipulagi fyrir Hrísey, gildandi

deiliskipulagi í Hrísey, fornleifaskráningu fyrir Hrísey og skýrslu um gróðurkortlagningu í Hrísey. Frekari upplýsingaöflun og umhverfismati er vísað til deiliskipulags og/eða umhverfismats framkvæmda, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í umhverfismati breytingar á aðalskipulagi Hríseyjar verður fjallað um megin stefnumörkun aðalskipulagsins fyrir Hrísey eins og hún er sett fram í drögum aðalskipulagsbreytingar auk meginmarkmiða hvers málaflokkar í gildandi aðalskipulagi Akureyrar.

Fjallað verður um umhverfisáhrif mismunandi valkosta eftir því sem við á í hverju tilfelli/landnotkunarflokk, sér í lagi þegar líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum.

Lagt verður mat á hvaða stefna og þættir í breytingu á aðalskipulagi gætu orðið fyrir umhverfisáhrifum og hvaða valkostir aðrir koma til greina. Bornir eru saman valkostir eftir því sem við á í hverju tilfelli, sér í lagi þegar líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum.

Þá er í öllum tilfellum borin saman fyrirhuguð áhrif breytingar á aðalskipulagi á skipulagstímabilinu við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, „núll kost“.

„Núll kostur“ felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar breytingar á aðalskipulagi.

Umhverfismatið felur í sér greiningu á líklegum umhverfisáhrifum af völdum breytingar á aðalskipulagi í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um núverandi ástand og mat á vægi breytingar á aðalskipulagi. Framsetning er í formi texta og venslatafla.

Þegar ekki er um annað getið er talið að áhrif á umhverfisþátt séu óveruleg.

Hér í kjölfarið er farið yfir þá þætti breytingar á aðalskipulagi sem urðu fyrir valinu og verða metnir með tilliti til mögulegra umhverfisáhrifa.

Umhverfisþættir

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi.

Farið var yfir og metið hvaða þættir í umhverfinu gætu möguleg orðið fyrir áhrifum vegna stefnu breytingar á aðalskipulagi og umhverfisþættir valdir út frá því mati.

Í umhverfismati breytingar á aðalskipulagi Hríseyjar verða eftirtaldir umhverfisþættir hafðir til viðmiðunar:

- Hagrænir- og félagslegir þættir
 - Atvinnulíf
 - Félagslegt umhverfi
 - Samfélagsþjónusta
 - Tórstundir
 - Verslun og þjónusta
 - Íbúáþróun

- Samgöngur
- Náttúrufræðilegir þættir
 - Vatn
 - Grunnvatn
 - Land
 - Jarðmyndanir
 - Vistkerfi
 - Gróður og dýr
- Heilsa og öryggi
 - Mengun
 - Lofmengun
 - Náttúruvá
 - Sorp
 - Fráveita
- Náttúru- og menningarminjar
 - Náttúruverndarsvæði
 - Fornminjar
 - Hverfisvernd
- Landslag og sjónræn áhrif
 - Náttúrulegt landslag

Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem tillaga að breytingu á aðalskipulagi hefur í för með sér.

Í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar verða umhverfisviðmið eftirfarandi gagna lögð til grundvallar:

- Meginmarkmið í Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.
- Meginmarkmið í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar, vegna Hríseyjar.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
 - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
 - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
 - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lög um landgræðslu nr. 17/1965.
 - Sérstaklega m.t.t. tilgangs laganna um að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs ásamt því að græða upp eydd og vangróin lönd.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

- o Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna og ákvæða sem varða náttúruverndarsvæði.
- Þjóðminjalög nr. 107/2001.
 - o Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna um að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og ákvæða um verndun fornminja.
- Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa.
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi sem sett eru fram í venslatöflum:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
 - o Stefna aðalskipulagsbreytingar styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
 - o Stefna aðalskipulagsbreytingar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
 - o Stefna aðalskipulagsbreytingar vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.
- (Ú) Áhrif fara eftir útfærslu.
 - o Áhrif stefnu aðalskipulagsbreytingar á viðkomandi umhverfispátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður útfærð nánar í deiliskipulagi og / eða framkvæmd.

Valkostir

Val á umhverfispáttum byggðist á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. Bornir eru saman valkostir eftir því sem við á í hverju tilfelli, sér í lagi þegar líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum. Þá er í öllum tilfellum borin saman fyrirhuguð áhrif breytingar á aðalskipulagi á skipulagstímabilinu við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, „núll kost“.

„Núll kostur“ felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar breytingar á aðalskipulagi.

Miðað við drög að stefnumörkun breytingar á aðalskipulagi, verða eftirtalin viðfangsefni aðalskipulagsins skoðuð í umhverfismatinu m.t.t. mismunandi valkosta. Samanburður umhverfismatsins á valkostum og umhverfisáhrifum þeirra verður grundvöllur endanlegrar stefnu breytingar á aðalskipulagi um viðkomandi málefni.

Í umhverfismati breytingar á aðalskipulagi verða bornir saman valkostir eftirfarandi málefna:

- Byggð
 - o Ný svæði fyrir íbúðarbyggð
 - o Ný svæði fyrir frístundarbyggð
- Útivistarsvæði

- Golfvöllur ofan byggðar
 - Ylströnd við Stapavík
 - Skemmtigarður við Selklappir
- Samgöngur og veitur
 - Fráveita
 - Ferjusamgöngur til og frá Hrísey
- Atvinnusvæði
 - Athafnasvæði við Hjallaveg
 - Önnur atvinnusvæði

Í umfjöllun um áhrif á einstaka umhverfispætti eru jafnframt ræddir valkostir varðandi mótun og tillaga gerð að vöktunaráætlun, þar sem það á við og ef það á við í einhverjum tilfellum.

Ef upp kemur í vinnu við umhverfisskýrslu ástæða til að skoða aðra eða fleiri valkosti er réttur til þess áskilinn.

Þegar ekki er um annað getið er talið að áhrif á umhverfispátt séu óveruleg.

Aðferðafræði

Umhverfismatið felur í sér greiningu á líklegum umhverfisáhrifum af völdum aðalskipulagsbreytingar í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um núverandi ástand og mat á vægi aðalskipulagsbreytingarinnar. Framsetning umhverfismats verður í formi texta og venslatafla.

Kynning og samráð

Í tengslum við gerð breytingar á aðalskipulagi er lögð áhersla á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Hverfisnefnd Hríseyjar hefur unnið að stefnumörkun aðalskipulagsbreytingar ásamt skipulagsráðgjafa og hefur vinna við breytingar á aðalskipulagi þegar verið kynnt á tveimur íbúafundum í Hrísey.

Endanleg tillaga að breytingu á aðalskipulagi ásamt umhverfismati tillögunnar verður kynnt íbúum á kynningarfundum eða á annan fullnægjandi hátt.

Auk þess verður haft samráð við Skipulagsstofnun um umhverfismat breytingar á aðalskipulagi í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
 - Lýsing á skipulagsverkefni og matslýsing verður lögð fyrir Skipulagsstofnun í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

- o *Skipulagsstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*
- Umhverfisstofnun
 - o *Umhverfisstofnun er lögbundinn umsagnaraðili við umhverfismats áætlana skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.*

Aðrir samráðsaðilar:

- Fornleifavernd ríkisins
- Siglingastofnun Íslands
- Iðnaðarráðuneytið
- Vegagerðin
- Kirkjugarðaráð
- Almennigur og landeigendur
- Skógrækt ríkisins
- Flugmálastjórn

Skýrsla þessi mun liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og á heimasíðu Skipulagsstofnunar, eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Ferlið

Fyrirhugað er að vinna umhverfismat breytingar á aðalskipulagi í febrúar og mars 2012.

X2 hönnun - skipulag ehf. hefur umsjón með vinnu við endurskoðun á aðalskipulagi og mun leggja mat á umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar. Umhverfismatið verður rýnt af hverfisnefnd Hríseyjar og af starfsmönnum á skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

Skipulagsferli

Vinna við gerð aðalskipulagsbreytingar vegna Hríseyjar hefur staðið yfir frá því í byrjun árs 2009 og hefur því meginhluti vinnu við breytinguna þegar farið fram.

Mögulegur tímarammi þess sem eftir er að vinnu við gerð aðalskipulagsbreytingar:

- | | |
|----------------------------|--|
| <i>1. feb. – 1. mars</i> | <i>Unnið að umhverfismati tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Eftir að lýsing þessi hefur verið tekin fyrir í skipulagsnefnd og bæjarstjórn Akureyrar mun hún vera kynnt almenningi og viðeigandi hagsmunaaðilum ásamt því að liggja frammi á skrifstofu Akureyrarbæjar og á heimasíðu bæjarins.</i> |
| <i>1. mars – 1. apríl</i> | <i>Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og kynnt íbúum eftir afgreiðslu nefndarinnar.</i>

<i>Eftir að kynningu er lokið er tillagan tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar og í bæjarstjórn Akureyrar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingarferli.</i> |
| <i>1. apríl – 1. maí</i> | <i>Tillaga að breytingu á aðalskipulagi til athugunar hjá Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að afgreiða málið.</i> |
| <i>1. maí – 15. júní</i> | <i>Tillaga að breytingu á aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli ásamt því að vera send umsagnaraðilum.</i> |
| <i>15. júní – 1. ágúst</i> | <i>Tillaga að breytingu á aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.</i>

<i>Tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt af skipulagsnefnd og bæjarstjórn Akureyrar.</i> |
| <i>1. ágúst – 1. sept.</i> | <i>Breyting á aðalskipulagi sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að afgreiða málið og auglýsa gildistöku breytingar aðalskipulagi í B-deild Stjórnartíðinda.</i> |

Heimildaskrá

Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018.

Aðalskipulag Hríseyjar 1988-2008.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Lög um landgræðslu nr. 17/1965.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.

Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri, 3. útgáfa, verkefni 2010-2012.

Þjóðminjalög nr. 107/2001.